

Alþingi
Erindi nr. P 130/980
komudagur 13. 2. 2004

EYÞING - Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum -
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; Kt. 561192-2199; Netfang: eything@est.is

Akureyri 12. febrúar 2004

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Efni: Málefni sparisjóðanna.

Á 149. fundi stjórnar Eyþings 5. febrúar voru málefni sparisjóðanna til umræðu. Til upplýsingar er hér sent það sem bókað var á fundinum:


Guðný Sverrisdóttir gerði grein fyrir fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis með sveitarstjórnarmönnum og forsvarsmönnum sparisjóðanna þann 3. febrúar í Reykjavík, en Guðný sat fundinn fyrir hönd stjórnar Eyþings.

Fram kom að ólík sjónarmið ríkja milli hagsmunaaðila hvað varðar málefni sparisjóðanna. Annarsvegar eru þeir sem horfa á stofnfjáreign sína í sparisjóðunum sem vænlegan fjárfestingarkost, og hinsvegar þeir er horfa til þess gildis að hafa fjármálastofnanir á borð við sparisjóðina staðsetta um landið.

Ljóst er að hinar stærri fjármálastofnanir sýna verkefnum á landsbyggðinni lítinn áhuga og þess vegna mikilvægt mati stjórnar Eyþings að hlúa að fleiri valkostum á sviði fjármunaumsýslu.

Stjórnin fagnar því að löggjafinn ætli sér að tryggja tilvist sparisjóðanna í landinu.

Virðingarfyllst,


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri